



# **SAMÞÆTTING ÞJÓNUSTU VIÐ FÖTLUÐ BÖRN OG FULLORÐNA Á ÍSLANDI**

## **NÝIR TÍMAR – NÝ SÝN**

**Þór G. Þórarinsson**



# ALMENN OG SÉRTÆK ÞJÓNUSTA

- Þeir sem búa við fötlun njóti allrar almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu.
- Sé þjónustupörf meiri en almenn þjónusta getur fullnægt kemur til sérhæfð þjónusta samkvæmt sérlögum um málefni fatlaðra.



# LÖG UM MÁLEFNI FATLAÐRA

- Núverandi lög sett 1992 í kjölfar eldri laga.
- Markmið:
  - að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg líf skjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi,
  - að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélagum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra.
- Yfirstjórn hjá félagsmálaráðuneyti.



# SKILGREINING Á FÖTLUN

- Andleg eða líkamleg fötlun og þörf fyrir sérstaka þjónustu og stuðning af þeim sökum.
- Átt er við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu; ennfremur fötlun vegna langvarandi veikinda og slysa.



# SÉRTÆK ÞJÓNUSTA

- Þverfagleg greining þroskaraskana barna, ráðgjöf við foreldra, endurmat og eftirfylgd.
- Þjónusta vegna búsetu, eins sjálfstæðrar og unnt er og meðal annarra þegna samfélagsins.
- Þjónusta vegna atvinnu og hæfingar/endurhæfingar; almennur vinnumarkaður meginmarkmið.
- Stoðþjónusta, m.a. liðveisla, félags- og sálfræðileg ráðgjöf, skammtímadvöl, stuðningsfjölskyldur og ferðaðjónusta.




## ÖRYRKJAR – FATLAÐIR

- Fötluð börn og fullorðnir 1.3-1.7% þjóðarinnar (4.000-5.000) samkvæmt skilgreiningu í lögum um málefni fatlaðra.
- Um 0.6% (2.000) þarfnast varanlegrar sérhæfðrar þjónustu vegna búsetu og/eða atvinnu/hæfingar eða annarrar stoðþjónustu.
- Þessi hópur er hluti þess heildarhóps sem nýtur örorku-lífeyris vegna skertrar starfsfærni; í honum eru alls 4.7% landsmanna (um 14.000).



# ÖRYRKJAR – FATLAÐIR





# **MÓTUM FRAMTÍÐ**

## **STEFNUMÓTUN Í MÁLEFNUM**

### **FATLAÐRA BARNNA OG FULLORÐINNA**

#### **2007 - 2016**





# Forsaga verkefnisins

## VERKLAG

- Á ráðstefnu vorið 2004 kynnti félagsmálaráðherra verkefni sem hafði það markmið að móta stefnu félagsmálaráðuneytisins/ríkisstjórnar í málefnum fatlaðra
- Markmið verkefnisins voru að:
  - Skilgreina ný leiðarljós í hugmyndafræði í þjónustu við fatlaða – stefnan að vera í fremstu röð
  - Skilgreina megináherslur í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra
  - Skilgreina megináherslur í þjónustu við fullorðna fatlaða á sviði búsetu og atvinnumála



# Forsaga verkefnisins

## VERKLAG

- Grundvallaratriði hugmyndafræðinnar voru lögð fyrir 30 árum síðan – tímabært að endurskoða stefnu og skipulag
- Ákveðið að leggja í vegferð þar sem stefnt yrði að sátt um markmið og leiðir
- Samráð haft við fjölda fólks notenda, veitenda, fræðimanna og annarra sem hagsmuna höfðu að gæta
- Sex starfshópar notenda, aðstandenda og starfsfólks og öflugt samráð við bakland sept 2004 - apríl 2005. Á annað hundrað manns kom að beint eða óbeint



# Stefna





# MÓTUM FRAMTÍÐ


## FRAMTÍÐARSÝN

### Jafnrétti og sambærileg lífskjör

Fatlað fólk eigi, jafnt og aðrir, kost á stuðningi til sjálfstæðis og lífsgæða sem stuðla að því að það fái notið sín sem fullgildir þegnar samfélagsins á forsendum eigin getu og styrkleika og njóti virðingar. Jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi séu leiðarljós allra aðgerða samfélagsins gagnvart þeim sem búa við fötlun.



Grundvallarsjónarmið stefnu og skipting málasviða





# MÓTUM FRAMTÍÐ

## MÁLASVIÐ

- Þjónusta við börn 0-17 ára og fjölskyldur þeirra.
- Þjónusta við fatlað fólk vegna búsetu.
- Þjónusta við fatlað fólk vegna atvinnu og hæfingar.
- Stoðþjónusta við 18 ára og eldri.
- Staða og áhrif notenda.
- Mótun viðhorfa – almannatengsl.
- Gæðastarf.
- Þekkingarauður – mann- og skipulagsauður.



## **Þjónusta við börn 0-17 ára**

### **Meginmarkmið**

**Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra sé sniðin að þörfum notenda hverju sinni samkvæmt mati í kjölfar greiningar. Hún byggi á heildstæðri, einstaklingsmiðaðri þjónustuáætlun sem sé endurskoðuð reglulega. Stuðningur við fjölskyldur miðist við að foreldrar geti stundað nám eða gegnt starfi og notið frístunda til jafns við aðra. Ábyrgð á þjónustunni sé samhæfð hjá einum þjónustuaðila í heimabyggð í samráði við fjölskylduna. Þegar fötlun barns verður ljós hafi þjónustuaðili frumkvæði að því að gera aðstandendum ljóst hvaða þjónusta og stuðningur þeim býðst.**



## Þjónusta við börn 0-17 ára

### Starfsmarkmið

1. Aðgangur að greiningu og ráðgjöf sé greiður og án biðtíma, bæði hvað varðar frumgreiningu og sérhæfða greiningu. Endurmat og eftirfylgd verði efld. Sérhæfð greining verði veitt eftir föngum í stærra þéttbýli á landsbyggðinni.

### Leiðir

- a. Frumgreining verði m.a. til reiðu í samstarfi þjónustustofnana fyrir fötluð börn og staðarsjúkrahúsa o.fl utan höfuðborgarsvæðisins vestan, norðan, austan og sunnan lands.
- b. Sérhæfð greining verði efld þannig að biðtími verði ásættanlegur, jafnt eftir greiningu, endurmati sem eftirfylgd.
- c. Komið verði á fót vestan, norðan, austan og sunnan lands fagteymum sem búa yfir færni til að greina a.m.k. þroskaraskanir sem krefjast ekki ítrustu sérþekkingar.






## Framkvæmdaáætlun


Mynd 10 – Þjónusta við börn 0-17 ára – Framkvæmdaáætlun

 Tímasett markmið eða átaksverkefni  Ótímabundin markmið





# Stefna - stoðsvið






# MÓTUM FRAMTÍÐ

## Stoðsvið

- Notendagrunnur - upplýsingakerfi.
- Þjónustumat - SIS.
- Gæðahandbók.
- Árangursmælingar.



# Stefna - stoðsvið - skipulag





# MÓTUM FRAMTÍÐ

## Skipulag

- Þörf er á einföldun og samþættingu stjórnsýslu, skýrari skilgreiningu ábyrgðar, aukinni skilvirkni og hagkvæmni og bættri þjónustu við notendur. Ábyrgðin á málefnum þeirra sem þurfa á almennri og sértækri félagsþjónustu að halda hvílir á herðum félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélaga.




# MÓTUM FRAMTÍÐ

## Skipulag

- Lýðfræðilegar breytingar eiga sér stað meðal þjóðarinnar og innflytjendum fjölgar.
- Sífelld meiri kröfur eru gerðar um gæði félagslegrar þjónustu í kjölfar aukinnar vitundar um félagsleg réttindi, réttindabaráttu og greiðari aðgang að upplýsingum um rétt fólks og leiðir til þess að auka lífsgæði.



# Stefna - stoðsvið - skipulag - aðgengi fyrir alla





## Áætlun um framvindu markmiða Grundvallarmarkmið

- Árið 2015 njóti allt fatlað fólk sambærilegra lífshjara og lífsgæða og aðrir þegnar þjóðfélagsins.
- Árið 2015 verði fagleg þekking og færni starfsfólks á við það sem best gerist í Evrópu.
- Árið 2015 verði verklag og gæði þjónustunnar á við það sem best gerist í Evrópu.





## Áætlun um framvindu markmiða Einstök markmið og verkáfangar

- Breytingar á lögum og reglugerðum í þá veru sem lýst er að framan fari fram á árunum 2007-2008.
- Unnið verði að því á árunum 2007-2009 að samhæfa félagslega þjónustu sveitarfélaga og ríkis.
- Í árslok 2008 verði biðtími eftir sértækri greiningu orðinn ásættanlegur.
- Árið 2010 búi fatlað fólk almennt í þjónustuíbúðum eða á eigin vegum, hvort sem það þarfnast til þess lítils, miðlungs eða mikils stuðnings.
- Árið 2010 starfi fatlað fólk að jafnaði á almennum vinnumarkaði eða njóti starfsþjálfunar í því skyni.